



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25.04.2008

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. 476. mál.

Fyrir liggur að annmarkar hafa verið taldir á því að Verðbréfaskráning Íslands gæti tekið á skrá hjá sér hlutabréf í íslenskum hlutafélagum sem skráð eru í erlendum gjaldmiðli. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er þó ekkert því til fyrirstöðu að skrá megi hlutabréf í erlendum gjaldmiðli í íslenski verðbréfamíðstöð, enda gera hlutafélagalög nr. 2/1995 ráð fyrir að ákvörðun um þetta efni sé á valdi hluthafafunda. Í öðrum lögum er heldur ekki að finna takmarkanir á því í hvaða gjaldmiðli skuldabréf eða önnur verðbréf skuli gefin út. Þá er í lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa heldur ekki að finna ákvæði sem takmarka skráningu verðbréfa í íslenski verðbréfamíðstöð við ákveðinn gjaldmiðil. Nefnd viðskiptaráðherra sem fór yfir lagaákvæði er varða uppgjör innlends hlutafjár sem skráð er í erlendri mynt komst að þeirri niðurstöðu að það væru ekki annmarkar við skráningu sem yllu vanda hvað varðar viðskipti með verðbréf í erlendum gjaldmiðli heldur hvar og hvernig peningalegt uppgjör slíkra viðskipta skyldi fara fram. Væri í raun engin ákvæði að finna í íslenski löggjöf um uppgjör verðbréfa sem skráð eru í erlendri mynt og fæli þetta í sér óvissu og tafir á framkvæmd.

Í samræmi við þetta felur frumvarpið í sér breytingu á 15. gr. laganna til að tryggja að peningalegt uppgjör verðbréfa sem skráð eru í erlendum gjaldmiðlum í íslenski verðbréfamíðstöð geti óhindrað farið fram með því að verðbréfamíðstöð hafi milligöngu um uppgjör slíkra verðbréfa.

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að engar hömlur séu lagðar á skráningu og viðskipti með hlutabréf í íslenskum fyrirtækjum í erlendri mynt eða önnur verðbréf í erlendri mynt og þurfa lagareglur um slík viðskipti að vera skýrar og ótvíræðar. Mæla samtökin því með að frumvarpið verði lögfest.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðlaugur Stefánsson hagfræðingur

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is